



Skóla- og frístundasvið Akraneskaupstaðar

Leikskólinn Garðasel

2020-2021



Hlutverk

Hlutverk skóla á Akranesi er að skapa skilyrði fyrir nemendur þannig að þeir nái að nýta hæfileika sína, efla sjálfstæði sitt og þroska með sér góð samskipti við samferðamenn.

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá þeirra og í henni er fjallað um árlega starfsemi, birt skóladagatal og aðrar hagnýtar upplýsingar koma fyrir. Foreldraráð veitir áætluninni umsögn áður en skóla- og frístundaráð taka hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Megintilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Áætlunin er vinnuskjal og á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári. Henni er jafnframt ætlað að greina frá hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðum og áætlun sett fram um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Akraneskaupstaðar.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal

Starfsáætlun tekur gildi 1. september ár hvert og skilað rafrænt til sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs fyrir 1. ágúst ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.

Efnisyfirlit

<i>Um starfsáætlanir leikskóla</i>	1
1. <i>Stutt greinagerð leikskólastjóra um starfið á síðasta skólaári</i>	3
2. <i>Áherslur í starfi leikskólans</i>	7
2.1 <i>Áherslur leikskólans næsta starfsár</i>	7
3. <i>Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun</i>	9
3.1 <i>Innra mat leikskólans</i>	9
3.2 <i>Ytra mat leikskólans</i>	10
3.3 <i>Matsáætlun/umbótaáætlun</i>	10
4. <i>Aðrar upplýsingar</i>	12
4.1 <i>Barnahópurinn 1. júní</i>	12
4.2 <i>Foreldrasamvinna</i>	12
4.3 <i>Samstarf leik- og grunnskóla</i>	13
4.3.1 <i>Brúum bilið</i>	13
4.4 <i>Samstarf leikskólastjóra</i>	14
4.5 <i>Samstarf sérkennslustjóra</i>	14
4.4 <i>Almennar upplýsingar</i>	14
5. <i>Starfsmannamál</i>	15
5.1 <i>Starfsmannahópurinn 1. maí</i>	15
5.2 <i>Starfsþróunarsamtöl</i>	15
5.3 <i>Símenntun frá síðasta ári</i>	15
5.4 <i>Áætlun um símenntun í leikskólanum</i>	16
6. <i>Fylgiskjöl</i>	16

1. Stutt greinagerð leikskólastjóra um starfið á síðasta skólaári

Skólaárið 2019 -2020 gekk mjög vel og í Garðaseli starfar öflugur hópur reyndra starfsmanna og mikil þekking og færni sem er til staðar. Góð samvinna við foreldra hefur ávallt einkennt samstarfið í Garðaseli og er það styrkleiki að traust og jákvæðni skuli vera aðalsmerki þessa samstarfs.

Endurmat starfsáætlunar síðasta skólaárs gekk að mestu eftir en nokkrir þættir viku fyrir skertri starfsemi vegna COVID og allra þeirra takmarkana sem settar voru á starfsemi skóla 16. mars 2020. Má segja að þá hafi tekið við breyttir tímar, starfsmenn og börn skiptust á að vera í skólanum fram í maí en áfram giltu strangar reglur og fjarlægðarviðmið sem skertu áfram möguleika á aðkomu foreldra að skólastarfinu.

Helstu áherslupættir í starfi leikskólans á síðasta skólaári voru

1. Hreyfing (heilsuleikskóli – heilsueflandi)
2. YAP – snemmtæk íhlutun í hreyfiþroska barna
3. Útinám / útikennsla
4. Vináttuverkefni Barnaheilla og Hugarfrelsi
5. Tveir kjarnar á Vík
6. Aðrir þættir

1. Garðasel er **heilsuleikskóli** og starfar eftir viðmiðum Heilsustefnunnar sem leggur áherslu á fjölbreytta hreyfingu og holla næringu.

Í **hreyfingu** var haldið áfram að nýta námsefnið **Leikur að læra** í hreyfistundum og tengja saman hreyfingu og skemmtileg verkefni, úti og inni. Öll börn fá markvissa hreyfistund einu sinni í viku, yngstu börnin í leikskólanum, miðdeildin í sal Grundaskóla og tveir elstu árgangarnir í íþróttasal að Jaðarsbökkum. Breki Berg Guðmundsson, íþróttafraeðingur, var verkefnastjóri í hreyfingu og kom að skipulagi hreyfistunda elstu barna.

Heilsubók barnsins heldur utan um skráningar á færni og þroska barna. Rafræn heilsubók með aðgangi foreldra að skráningum átti að hefja göngu sína á skólaárinu 2018 -2019 en tókst ekki vegna galla í kerfinu. Hún mun taka gildi skólaárið 2020 -2021 fyrir börn á Lóni og Holti en hjá eldri börnum verða skráningar kláraðir í bókinni eins og við þekkjum hana.

Heilsueflandi leikskóli er verkefni á vegum embættis Landlæknis og hafa allir heilsuleikskólar farið inn í það verkefni þar sem áherslur Heilsustefnunnar og þessa verkefnis skarast á margan hátt. Ingunn Ríkharðsdóttir, skólastjóri, tók við utanumhaldi verkefnisins og samskiptum við Landlæknisembættið þegar Lára Dóra Valdimarsdóttir hætti en finna þarf einn til tvo starfsmenn til að koma að þessu verkefni til að það gangi.

Verkefnið er með heilsueflandi sýn í víðu samhengi fyrir skólasamfélagið og Akraneskaupstaður er kominn inn sem Heilsueflandi samfélag sem styður verkefnið enn frekar.

Áherslupættir verkefnisins eru mældir í sérstökum kvarða, sem merkt er inn á og þar er staða Garðasels mjög öflug í flestum þáttum en gera þarf átak í upplýsingum til foreldra og fá þá með í verkefnið.

2. Árið 2018 hófst **innleiðing á verkefninu YAP (Young Athlete Program)** sem er snemmtæk íhlutun í skertan hreyfiproska barna 2 -7 ára. Breki Berg Guðmundsson, íþróttafraeðingur, sá um verkefnið og þær hreyfistundir sem settar voru markvisst upp fyrir ákveðinn hóp barna. Verkefnið er á vegum Íþróttasambands fatlaðra. Á skólaárinu 2019-2020 var haldið áfram að finna verkefninu stað í rýmum skólans en það gekk ekki alltaf eftir þar sem þrengsli og nýting rýma leyfðu það ekki. Umræðan var tekin þangað að hægt væri að sinna ákveðnum þáttum þessa verkefnis í daglegu lífi barnanna, gönguferðum, hreyfistundum og útináminu og hvetja kennara / starfsfólk til að grípa tækifærin. Þyrftum að gera meira af því ef þetta verkefni á að lifa af í Garðaseli í því rými, sem skólinn hefur í dag. Verkefnið dalaði á síðasta ári og var ákveðið að hvíla það um sinn.
3. **Útinámið / útikennslan** fór fram á tveimur eldri deildunum en þar fengu börnin tvisvar í mánuði námsferð í skógræktina eða á Langasand. Á leiðinni eru þau að velta fyrir sér umhverfinu, læra á það og rannsaka enn frekar. Náttúrulegt umhverfi með litlu áreitum gefur börnum mikið og í ljós hefur komið að samskipti þeirra verða afslappaðri í slíku umhverfi. Þau læra heiti trjáa, blóma, fugla og skordýra. Velja sér tré, sem þau merkja og fylgjast með vexti þeirra, laufum og setja jafnvel ljós og skreytingar á þau í desember. Hugarfrelsi úti í náttúrunni er eitthvað sem fátt toppar, sögustund í kyrrðinni og að borða matinn úti er öðruvísi. Mikilvægi útináms er ótvírætt.
Lónið fer í útinám þegar líður á vorið og þá er farið í skógræktina eða á Langasand.
4. Áfram var unnið með **Vináttuverkefni Barnaheilla** og allar deildir eiga nú verkefnatöskur og námsefni. Þetta er forvarnaverkefni til að byggja upp vellíðan og öryggi barna og mikilvægt að þannig sé unnið en ekki grípa til þessara verkfæra til að laga hlutina þegar eitthvað gerist. Rætt var um á síðasta ári hvernig tengja mætti foreldra betur við verkefnið og kom upp hugmynd að senda myndbönd úr vinastundum heim en þá brýtur það gegn persónuverndarlögum og ekki hægt að gera það. Upplýsingar og fræðsla til foreldra er verkefni sem þarf að finna leiðir til að vinna betur með.
Hugarfrelsi var nýtt til slökunar og rólegra stunda (djúþöndun og slökun) eftir hádegismat, í hópastarfi og í hreyfistundum.
5. **Tveir kjarnar á Vík** – áfram var unnið með tvo kjarna á Vík fremur en fjölga börnum á Holti og skilja nokkur börn eftir á miðdeild sem hefur valdið streitu og vonbrigðum hjá foreldrum og börnum. Með þessu var hægt að hafa tvær deildir yngstu / yngri barna fámennari eða 18 börn (Lón) og 20 börn (Holt).
Tveir árgangar voru á Víkinni á síðasta skólaári og voru þeir skilgreindir sem Vík 1 og Vík 2 og var Víkin þá með tvær deildir með 39 börnum. Sameiginleg svæði í skólanum voru skilgreind sem svæði Víkur en nokkur börn þurftu að nýta hól í fataherbergi á Holti þar sem ekki voru hól fyrir öll þessi börn á Víkinni. Að mestu gekk þetta mjög vel en athugasemdir varðandi hól á Holti komu fram.



6. Aðrir þættir

Skóladagatalið rammaði inn viðburði og starfið í heild sinni og stóðst það skipulag vel fram í mars þegar skert og breytt skólastarf tók við vegna COVID.

Íþróttadagar í júní og **sundkennsla** elstu barnanna gekk mjög vel og var leikskólinn sjálfbær með sundnámskeiðið sem Breki Berg og Lára Dóra sáu um. **Tvö heilsuskokk** voru á árinu, í september og í maí. Einn **sunddagur** í Bjarnalaug var fyrirhugaður fyrir börn og fjölskyldur þeirra en ekki varð af þar sem viðhald laugarinnar og bilanir settu strik í reikninginn.

Fimm skipulagsdagar voru á skólaárinu og fjórir heilir settir út í ágúst, september, nóvember og febrúar. Fimmti dagurinn sem átti að vera í apríl féll niður vegna COVID og var samþykkt að taka þann dag í tvennu lagi og loka kl: 12.00 fyrir sumarlokun og opna kl: 12.00 eftir sumarlokun. Þessa tvo hálfu daga nýtti starfsfólkið til að undirbúa skólann fyrir bónun og svo fyrir opnun í ágúst.

Foreldraviðtöl áttu að vera tvö á skólaárinu, eitt á haustönn og annað á vorönn. Heilsubók barnsins er skráningar- og matstæki, sem heldur utan um þroska, nám og líðan barna og er grunnur að samtali við foreldra ásamt því sem þeir óska eftir að ræða. Foreldraviðtalið á vorönn féll niður vegna COVID en foreldrum boðið símtal ef þeir töldu þörf á en svo var ekki.

Skipulag samstarfsverkefnis leik- og grunnskóla, **Brúum bilið**, rammaði inn samstarfið og þar má helst nefna **Haustskóli** í september sem stendur í þrjá daga og **Vorskólinn í apríl** sem sómuleiðis stendur í þrjá daga en þá fara börnin í þann skóla sem þau innritast í að hausti. Tvær söngstundir voru á hvorri önn ásamt íþróttadegi. Mjög vel heppnuð breyting.

Foreldraráð og foreldrafélag komu öflug sem fyrr inn í samráð og samvinnu í skólanum og ávallt gott að leita til foreldrahópsins. Foreldrafélagið bauð börnunum á jólasýningu og á sýningu töframansins Einars Mikaelis sem kom í júní. Aðventustundir og jólatónleikar Víkur voru á sínum stað en aðrir árlegir viðburðir féllu niður vegna COVID s.s. sumarhátíð og sveitaferðin.

Foreldrum og fjölskyldum barnanna er boðið reglulega á viðburði í leikskólanum og er mæting alltaf mjög góð og samverustundirnar bæði gagnlegar og ljúfar.

Í **COVID og verulega breyttu skólastarfi** frá mars og inn í sumarið kom í ljós hversu mikið traust og jákvæðni ríkir milli skóla og foreldra þar sem aldrei kom neitt upp á annað en samvinna og skilningur í mikið breyttum aðstæðum. Foreldrar eiga miklar þakkir skyldar fyrir þessa samvinnu og að þessi tími skuli hafa gengið svona vel. Það er ekki sjálfsgefið.

Útskriftarferð elstu barna í Skorradalinn var færð fram í júní og var velheppnuð dagsferð en að þessu sinni var ekki gist næturlangt. Ferðin er alltaf spennandi og vekur jafn tilhlökkun og gleði. Ferðin þetta skólaár varð öðruvísi og ákvörðun um hvort þetta fyrirkomulag haldi sér verður tekin í endurmati á skólastarfinu.



Í áætlun um endurmat á skólastarfi átti í maí að gera viðhorfskönnun meðal foreldra um ákveðna valda þætti í skólastarfinu. Ekki varð af þeirri könnun og ástæða þess var að skólinn hafði notað rafræna könnunarkerfið til að kalla eftir óskum foreldra um viðverudaga barna sinna í skertu skólastarfi og var það metið svo að fleiri kannanir væru ekki æskilegar þetta vorið.

Læsisstefna leikskóla Akraneskaupstaðar var gefin út á skólaárinu eftir mikla vinnu starfshóps sem aðstoðarskólastjórar / sérkennslustjórar leikskólanna skipuðu.

Mikil vinna var lögð í verkefnið með það að leiðarljósi að það væri gagnlegt í vinnu í leikskólunum og aðgengilegt fyrir foreldra.

Verkefnið hlaut styrk úr þróunarsjóði Skóla- og frístundaráðs og fékk verkefnið lengri tíma en upphaflega var áætlaður vegna umfangs og um leið gæða þeirrar vinnu sem skilað var .

Markmiðið verkefnisins var :

- Að efla starfshætti leikskóla Akraneskaupstaðar með tilliti til undirritunar sáttmála um eflingu læsis.
- Að gera átak í að efla málþroska og læsi í leikskólum Akraneskaupstaðar.
- Að auka þekkingu starfsfólks á leiðum til að efla málþroska og læsi leikskólabarna.
- Að samræma starfshætti og miðla þekkingu á milli leikskólanna.
- Að auka þekkingu foreldra á hlutverki og mikilvægi þeirra í málörvun og lestrarnámi barna.
- Að útbúa árganganámskrár fyrir málörvun og læsi í leikskóla.

Læsisstefnan var gefin út í tvenns konar formi, annars vegar fyrir starfsfólk leikskólanna og svo fyrir foreldra, Áherslur í læsi barna fyrir foreldra.

<https://www.akranes.is/static/files/4.Skoli/leikskolar/laesisstefna-foreldrar-1-.pdf>

<https://www.akranes.is/static/files/4.Skoli/leikskolar/laesisstefna-leikskolar-1-.pdf>



2. Áherslur í starfi leikskólans

2.1 áherslur leikskólans næsta starfsár

Í starfsháttum leikskólans er heilsuefling, jákvæð og uppbyggjandi samskipti, lærdómsríkur leikur, læsi og stærðfræði áberandi þættir. Heilsuefling fyrstu æviárin er grunnur að góðu heilbrigði allt lífið og máltækið Heilbrigð sál í hraustum líkama vísar veginn.

Jákvæður og uppbyggjandi skólabragur byggir fyrst og fremst á viðhorfi og starfsháttum. Áhersla leikskólans á gæði í samskiptum hefur skilað góðum skólabrag og uppbyggjandi viðhorfum til barna og fullorðinna. Tengsl eru á milli góðs skólabrags og vellíðunar og velgengni barna og starfsfólks og því til mikils að vinna að viðhalda þessum gæðum og halda þessari vegferð áfram.

Leikskólinn leggur frumáherslu á **heilsueflandi leikskólauppeldi** og starfar eftir **Heilsustefnu** Unnar Stefánsdóttur ásamt því að vera þátttakandi í verkefni Embættis landlæknis **Heilsueflandi leikskóli** og **Young Athlete Program – YAP Special Olympic**.

Markmið Heilsustefnunnar er að auka gleði og ánægju barna með áherslu á hreyfingu, næringu og sköpun í leik og starfi.

Hreyfing - unnið að því að efla nám og viðfangsefni / leiðir í hreyfinámi barna þar sem megináhersla er lögð á skipulagðar hreyfistundir, útikennslu, almenna útivist og lengri gönguferðir (auka þrek og úthald), danskennslu, hreyfileiki og sundkennslu elstu barna á vorin ásamt sunddegi í Bjarnalaug á skólaárinu. **Leikur að læra** kennsluáðferðin, þar sem hreyfing og nám eru fléttuð saman, er notuð á öllum deildum þar sem verkefni og hreyfimáttar taka mið af þroska og getu barnanna.

Útikennsla / útinám – börnin á Vík og Holti fara í skipulagðar ferðir í skógræktina og Langasandinn og er það hluti af útinámi barnanna. Í útinámi kynnast börnin umhverfi sínu, fræðast um náttúruna og fá að upplifa með því að skoða, snerta, kanna og rannsaka á eigin forsendum. Í útináminu verða oft til óundirbúin ævintýri þegar áhugi og forvitni glaðra barna ráða för. Námssvið leikskólans verða öll lifandi og samþætt í útináminu og hlutverk kennarans er að vera góð fyrirmynd og vekja áhuga barnanna á að kanna og ígrunda fyrirbæri náttúrunnar.

Gæði í samskiptum – þar er lögð áhersla á aðkoma til móts við þarfir barna, unnið með styrkleika þeirra og að hver og einn fái notið sín í leik og starfi er annar grunnstólpi í áherslum skólans. Sömu viðhorf gilda gagnvart starfsfólki, þar sem lögð er áhersla á fjölbreytileika hópsins, ólíka styrkleikapætti og hvernig allir fá notið sín í leik og starfi.

Áfram er unnið með **Uppeldi til ábyrgðar** en áhersla er lögð á að þekkja þarfir barna og starfsfólks og mæta þeim eins og kostur er. Markmiðið er ávallt að auka færni barna og fullorðinna í samskiptum, móta lífsgildi þeirra og auka vellíðan í leik og starfi en Uppbyggingarstefnan er aðferð sem ýtir undir jákvæð samskipti. Hún byggir á að ná samstöðu um lífsgildi og fylgja þeim eftir með fáum skýrum reglum.

Vináttuverkefni Barnaheilla - verkefnið byggir á fjórum grunnildum ; umburðarlyndi, virðingu, hugrekki og umhyggju. Í verkefninu er lögð áhersla á að efla styrkleika hvers barns og vinna með barnahópin í heild og horft til samskipta, vináttu og vellíðunar. Vináttan á því að stuðla að almennri hæfni barna til að takast á við áskoranir daglegs lífs og í samskiptum við aðra. Öll börn í skólanum eignast bangsann Blæ, sem skólinn gefur þeim og fylgir hann þeim í gegnum skólagönguna í Garðaseli

Hugarfrelsi er kennsluefni og aðferðir til að auka vellíðan barna í gegnum öndun, slökun og sjálfstyrkingu. Í önnum dagsins er mikilvægt að kunna leiðir til að ná í innri ró og hvíla hugann og eru slíkar stundir settar inn í dagskipulagið eftir því sem aldur barna leyfir.

Læsi er áberandi þáttur í skólastarfinu og áhersla verður á að vinna með **Læsisstefnu leikskóla Akraneskaupstaðar**. Í Garðaseli er lögð áhersla á læsi í fjölbreyttri mynd þar sem unnið er með orðaforða, hugtakaskilning, tjáningu og rökhugsun ásamt öðrum mikilvægum þáttum málþroska. Allar deildir vinna ötullega og markvisst með Lubba-námsefnið sem ætti að skila sér í aukinni færni í læsi (bókstafir og hljóð þeirra) .

Stærðfræði í daglegu lífi - unnið með form, flokkun, mælingar, tölur og talnagildi ásamt fleiru skemmtilegu.

Markmið leikskólans er að byggja upp lærdómsríkt samfélag þar sem öllum líður vel og gleði ríkir. Samfélag þar sem leikur, gleði og nám eru í hávegum höfð.



Allir leika og læra saman í vináttu

2.1.2 Sértek verkefni á skólaárinu 2020 -2021

Framundan á skólaárinu 2020 -2021 er að undirbúa flutning Garðasels í nýjan leikskóla sem staðsettur verður í Skógarhverfinu. Það er stórt verkefni og skiptir miklu máli að ígrunda starfið eins og það er í dag, hverjir styrkleikarnir eru og hvað skólinn eigi að standa fyrir í framtíðinni.

Samræður í starfsmannahópnum og með foreldrum / nemendum mun verða viðfangsefni næsta skólaárs eða þar til nýr leikskóli verður að veruleika.

Nýr kjarasamningur Félags leikskólakennara felur í sér stórar breytingar á undirbúningstímum kennara og um leið viðveru þeirra á deild og skipulagi starfsemi skólans. Miklar áskoranir og tækifæri eru fólgin í þessum breytingum sem taka gildi 1.október 2020.

Mælikvarðar til að meta þessar breytingar á skólaárinu eru

- aukin gæða náms og faglegs starfs með börnum – hafa þessir þættir aukist ?
- einstaklingsmiðun í starfi og markvissara mat á námsframvindu barna – hafa þessir þættir aukist ?
- meira samstarf við foreldra og aukin ánægja þeirra
- fagþróun starfs á deildum – hefur það tekið breytingum ?
- markvissara starf í námskrárgerð, starfsáætlunum og sjálfsmati leikskólans

3. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

3.1 Innra mat leikskólans

Markmið leikskólans er m.a. að leggja faglegan grunn að umbótum í skólastarfinu til að auka gæði og skilvirkni í uppeldi og menntun barna og uppbygging jákvæðs skólabrags nái til allra hagsmunahópa innan skólans.

Skólinn hefur sett sér eftirfarandi áætlun um innra mat þar sem viðfangsefnum er skipt niður á skólaárið.

Mánuður	Hverjir	Endurmat	Ábyrgð	Úrvinnsla
Setpember / október	2015 Árgangur	Hljóm- 2	Sérkennslustjóri	sérkennslustjóri
Nóvember	Allt starfsfólk	Líðan í starfi /samstarf leiðir og lausnir	Skólastjóri	Skólastjóri
Nóvember	Vík 2015 árgangur	Könnun gerð með elstu börnunum um líðan þeirra og áhugasvið	sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri / aðst. skólastjóri
Nóvember	Lón, Holt, Vík	Foreldraviðtöl og skráningar í heilsubók	Deildarstjórar / leikskólastjórar	Hópstjórar Deildarstjórar
Nóvember	Allar deildir	Endurmat á ákveðnum þáttum í starfi	skólastjórar/ deildarstjórar	skólastjórar/ deildarstjóra
Janúar	Allt starfsfólk	Styrkleikar – veikleikar Hvernig birtast þeir ?	Skólastjóri	Skólastjóri
Mars /apríl	Allar deildir	Foreldraviðtöl og skráningar í heilsubók	Deildarstjórar / leikskólastjórar	Deildarstjórar
Apríl	Allt starfsfólk	Starfsmannasamtal	Skólastjóri	Skólastjóri
Skólaárið	Leikskólinn	Tilfallandi þættir / viðfangsefni sem koma upp	Skólastjóri / hlutaðeigandi	Skólastjóri deildarstjórar
Skólaárið	Leikskólinn	Endurmat á viðburðum	Deildir / eldhús	Skólastjóri / deildarstjórar

Niðurstöður birtar með þessum hætti:

- Foreldrakannanir – á heimasíðu skólans og í tölvupósti til foreldra. Starfsfólk fær kynningu á niðurstöðum
- Starfsmannakannanir – birt innan skólans, í tölvupósti til starfsmanna, á kaffistofu og á starfsmannafundi / deildarstjórafundum / deildarfundum ef þarf.
- Viðhorf /líðan barna –birt / upplýsingar til foreldra og starfsmanna deildar (Vík)
- Hljóm -2 – sérkennslustjóri fer yfir niðurstöður með foreldrum barna og starfsmönnum deildar eftir því sem við á.



3.2 Ytra mat leikskólans

Október	Lón	Viðhorfskönnun um aðlögun barna	skólastjóri	skólastjóri
Maí	Leikskólinn	Viðhorfskönnun til foreldra um ýmsa þætti starfsemi leikskólans	Skólastjóri	skólastjóri

Niðurstöður verða birtar með þessum hætti:

- Foreldrakannanir – á heimasíðu skólans og í tölvupósti til foreldra. Starfsfólk fær kynningu á niðurstöðum
- Vinnustaðagreining – á fundi með starfsfólki, í tölvupósti til starfsmanna

3.3 matsáætlun/umbótaáætlun

Leikskólinn notar rafrænt könnunarkerfi, Survey Monkey, til að gera kannanir um hina ýmsu þætti í skólastarfinu og reynt er að ná til allra hagsmunaaðila að skólastarfinu. Kerfið heldur utan um svörun, flokkar og raðar upp ásamt því að í lokin verður til mjög sjónræn og aðgengileg samantekt. Í kerfinu myndast gagnamappa með öllum könnunum sem gerðar hafa verið og niðurstöðum þeirra.

Niðurstöður viðhorfskannana og endurmats eru hafðar til hliðsjónar í skipulagi næsta skólaárs og breytingar færðar inn, ef þess er kostur.

Í september 2019 var gerð könnun meðal foreldra um mikilvægi kynningar á skólastarfi og með hvaða hætti það væri heppilegast að gera. 79 % foreldra telja mjög mikilvægt eða mikilvægt að deildir kynni skipulag skólastarfsins með formlegum hætti til foreldra. Spurt um var um þrjár leiðir og svöruðu 16 % foreldra að þeir myndu vilja fá kynningu seinnipart, 48 % að glærुकyning heim væri fyrsta val og 36 % að gott væri að fá kynningu í foreldrasamtali að hausti. Glærुकyning verður unnin á öllum deildum og send heim í tölvupósti ásamt því að renna yfir hana í samtali með foreldrum að hausti.

Í sömu könnun voru foreldrar spurðir um hentugleika eða óhentugleika að skipta skipulagsdögum í tvo hálfra daga. 39 % foreldrar svöruðu því að það væri óhentugt eða mjög óhentugt, 30 % að það skipti ekki máli og 20 % að það skipulag væri mjög hentugt eða hentugt. Skóladagatal 2020 -2021 tekur mið af þessum niðurstöðum og gengur út frá 5 heilum skipulagsdögum þetta skólaár.

Í október 2019 var gerð könnun meðal foreldra yngstu barnanna sem komu inn og spurt um ánægju og upplifun foreldra með aðlögunina, hvernig var að koma inn í skólann, tímalengd aðlögunar og ýmislegt annað. Meirihluti foreldra var mjög jákvæður, kom með ýmsa punkta varðandi lengd og viðveru þeirra sjálfra í aðlögun en einnig að mikilvægt væri að festa einhvern kennara / starfsmann með börnum og foreldrum, frekar en allir flæði saman – kemur reglulega fram.

Í aðlögun 2020 var ákveðið að skipta barnahópnum og foreldrum á kennara/ starfsmenn til að koma til móst við þessa athugasemd.

Í apríl 2020 var gerð könnun meðal foreldra varðandi tímasetningu fjögurra vikna sumarlokunar. Mikill meirihluti foreldra valdi 6. júlí – 31. júlí og var lokunin á þeim tíma. Reglulega koma inn ábendingar / athugasemdir um óhagræði foreldra að loka leikskólunum yfir sumarið.

Af 76 nemendum fóru um 39 % þeirra í 5 vikna sumarfrí og nokkur þeirra aðeins lengur.

Ráðgert var að gera viðhorfskönnun í maí meðal foreldra um ýmsa þætti skólastarfsins en henni frestað. Ástæðan var að í skertri starfsemi nýtti skólinn sér vikulega rafræna kerfið til að kalla eftir þörfum foreldra og óskum um viðverudaga og var talið að það væri nóg í bili.

Eitt starfsmannasamtal var á skólaárinu, í apríl 2020, þar sem rætt var um líðan, viðhorf, þarfir og hvaða leiðir hver starfsmaður hefði til að efla sig í starfi. Almenn mikil ánægja starfsmanna í starfi og endurspeglar það viðhorf niðurstöður vinnustaðagreiningar í október 2019.

Umfangsmikil vinnustaðagreining var unnin á vegum Gallup með öllum starfsmannahópnum og niðurstöður birtar í desember. Niðurstöður Garðasels voru mjög góðar og flestir þættir greiningarinnar voru á styrkleikabili. Lykilþættir eins og starfsánægja hafði hækkað um 0,21 stig frá síðustu könnun og tækifæri til starfsþróunar hækkaði um 0,59 stig. Lykilþættir um líðan og álag lækkar hins vegar og greinilegt að álag og þreyta í starfi hefur þar áhrif og mikilvægt að setja fókus á þann þátt. Rými og þrengsli, skortur á hljóðvist og loftgæðum, hávaði og fjöldi barna eru þættir sem koma fram í samtölum um þennan þátt. Miðrými skólans verður hljóðvistað sumarið 2020 og börnum fækkað um 3 börn, verða 74 í stað 77 skólaárið 2019-2020.

Vinnustofa Gallup um styrkleikamiðaða stjórnun á vegum Akraneskaupstað var í nóvember 2019 og tóku allir stjórnendur í Garðaseli þátt í þeirri vinnustofu. Styrkleikamat fyrir hvern og einn stjórnanda var unnið áður en til vinnustofunnar kom og það var bæði skemmtilegt en líka mjög gagnlegt að sjá hvernig styrkleikar röðust með ólíkum hætti innan hópsins. Fróðleg vinna og skemmtileg.

Mikil umræða og oft neikvæð varð á skólaárinu um skólalóð Garðasels sem starfsfólk taldi réttilega að ekki væri búin undir innritun yngri barna og reynt var að færa það til betri vegar og leita lausna í samráði við þar til bæra aðila. Það tók tíma og í apríl 2020 var settur upp lítill kastali fyrir yngstu börnin með gervigrasi í kring. Ljóst er að með tilkomu nýs leikskóla ætti ekki að fara í verulegar úrbætur á lóð og þarf því að gera það besta úr stöðunni með þeirri von að opnun nýs leikskóla standist tímaáætlun. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að lóð og umhverfi skólans bíði lengur en það.



Velliðan og næring í leik og starfi

4. Aðrar upplýsingar

4.1 Barnahópurinn 1. júní

- Fjöldi barna í leikskólanum
Þann 1. júní 2020 voru 77 börn í leikskólanum og skiptust í fjóra kjarna eftir aldri / árgöngum.
- Kynjahlutfall
45 stelpur og 32 strákar
- Dvalarstundir
Dvalarstundir í upphafi skólaárs 2019 voru 647 klst en skólaárið 2020 eru dvalarstundir 626.
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu
Níu börn nutu sérkennslu ; tvö á yngstu deild, þrjú á miðdeild og fjögur á elstu deild
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku
Ekkert barn hafði ekki íslensku sem móðurmál en þrjú börn eiga foreldra af erlendum uppruna og tala því annað tungumál; sænsku, portúgölsku og þýsku
- Fjöldi tungumála
Sænska, þýska, portúgalska – annað tungumál þriggja barna

4.2 Foreldrasamvinna

Traust, samvinna og jákvæðni eru leiðarljós foreldrasamstarfs. Lögð er áhersla á að foreldrar og starfsfólk leikskólans mætist á þeim forsendum og er það góður farvegur fyrir öll mál er snerta velferð barnanna.

Foreldraráð fundaði tvisvar skólaárið 2019-2020 og að öðru leyti fóru samskipti fram í tölvupóstum. Ingunn Ríkharðsdóttir, skólastjóri, hélt utan um starf foreldraráðs og fundaði með þeim.

Skólaárið 2019-2020	Skólaárið 2020 -2021
Hafdís Guðmundardóttir	Hafdís Guðmundardóttir
Svala Ýr Smáradóttir	Svala Ýr Smáradóttir
Ragnheiður Ásta Brynjólfsdóttir	Ragnheiður Ásta Brynjólfsdóttir
Hjördís Garðarsdóttir	Hjördís Garðarsdóttir
Sunna Dís Jensdóttir	Sunna Dís Jensdóttir

Foreldrafélag fundaði einu sinni á skólaárinu 2019-2020 og að öðru leyti fóru samskipti fram í tölvupóstum. Ingunn Sveinsdóttir, aðstoðarskólastjóri, hélt utan um starf foreldrafélags og fundaði með þeim.

Skólaárið 2019 -2020	Skólaárið 2020 -2021
Gyða Bergþórsdóttir	Gyða Bergþórsdóttir
Steinar Helgason	Steinar Helgason
Karl Haagesen	Karl Haagesen
Sara Karlsdóttir	Sara Karlsdóttir
Hulda Ósk Guðbjörnsdóttir	Sigurrós Harpa Sigurðardóttir

Foreldraviðtöl

Tvö formleg foreldraviðtöl eru á skólaári, eitt á haustönn og annað á vorönn.

Foreldrar geta óskað eftir viðtali hvenær sem er ef þeir telja þörf á og hafa þá samband við umsjónarkennara barnsins eða deildarstjóra.

Pátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Leikskólinn býður fjölskyldum barnanna að koma inn í leikskólann á

- aðventukaffi í desember
- jólatónleika og aðventukaffi á Vík
- bóndadags og konudagskaffi
- útskrift elstu barna í maí – júní
- vorhátíð á Lóni í maí
- sumarhátíð foreldrafélagsins í júní

4.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir leikskólanám. Frá árinu 1996 hefur verið formlegt samstarf milli leikskóla og grunnskóla á Akranesi með það að markmiði :

- að tengja skólastigin saman
- að skapa samfellu í námi og kennslu barna/nemenda á þessum tveimur skólastigum
- að byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á hvoru skólastigi fyrir sig
- að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla
- að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli skólastiga

4.3.1 Brúum bilið

Skipulag samstarfsins er með eftirfarandi hætti:

- **Skipulagsfundur að hausti:** Leikskólakennarar og grunnskólakennarar skipuleggja samstarf vetrarins
- **Skólastjóraheimsóknir** eru áður en Haustskólinn hefst en þá heimsækja öll elstu börnin báða grunnskólana
- **Haustskóli :** Elstu nemendur leikskóla fara í 3 daga í grunnskólana í svokallaðan **Haustskóla**, en þetta er ný leið í samstarfinu og koma þessir dagar í stað nemendaheimsókna yfir veturinn. Nemendur í 1. bekk fara í heimsókn í leikskólana ef kostur er. Tímasetning Haustskólans er í vikunni 28.sept-2. okt í Grundaskóla og í vikunni 5.-9. október í Brekkubæjarskóla
- **Annað óformlegt samstarf yfir veturinn** á milli skólastiga felst í því að skólarnir bjóða nemendum á ýmsar uppákomur á hvoru skólastigi s.s. á árshátíð, á dag íslenskrar tungu ofl
- **Söngsamvera í Grundaskóla 5. nóvember-** elstu börn leikskólans og 1. bekkingar hittast og eiga samverustund í söng og dansi. Þessi samvera er í umsjón leikskólanna
- **Endurmat vegna haustannar-skipulagsfundur í janúar 2021 :** Kennarar á báðum skólastigum funda og fara yfir samstarf haustannar
- **Söngsamvera í sal Brekkubæjarskóla 2. Febrúar 2021-** elstu börn leikskólans og 1. bekkingar hittast og eiga samverustund í söng og dansi. Þessi samvera er í umsjón grunnskólanna
- **Skipulagsfundur vegna vorskólans:** Kennarar á báðum skólastigum funda og skipuleggja vorskólann
- **Vorskólinn í mars:** Vorskólinn er í 3 daga en þá taka grunnskólarnir á móti væntanlegum nemendum sínum í 1. bekk og kynna skólann sinn. Nemendur í 1. bekk fara í heimsókn í leikskólana. Grundaskóli: vikan 1.mars - 5.mars Brekkubæjarskóli: vikan 22.mars - 26. mars
- **Íþróttadagur og Húllumhæ 22. apríl** –samstarfi skólaársins slitið með leik og grilli

- **Matsfundur að vori:** kennarar á báðum skólastigum meta árangur af samstarfi vetrarins
- **Skilafundur í ágúst:** Í núgildandi lögum um leikskóla er þess getið að persónuupplýsingar um barn í leikskóla, sem nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun barnsins í grunnskóla, skulu fylgja barninu í grunnskóla enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Markmiðið með upplýsingamiðluninni er að tryggja að byggt sé á fyrri námi og reynslu leikskólabarna þegar þau koma í grunnskóla og að aðlögun þeirra verði eins og best verður á kosið

4.4 Samstarf leikskólastjóra

Leikskólastjórar hittast reglulega og eiga mikið og gott samráð um ýmis mál tengd starfi þeirra og starfsemi leikskólanna. Ekki er um fasta fundi eða samráð að ræða og oftast eru mál rædd í tölvupóstum eða símtali.

Samráð leikskólastjóra og sviðstjóra, Valgerðar Janusdóttur, er einu sinni í mánuði og oftast ef þörf er talin á.

4.5 Samstarf sérkennslustjóra

Sérkennslustjórar hittast reglulega eða að jafnaði einu sinni í mánuði.

4.4 Almennar upplýsingar

Leikskólinn er opinn frá kl: 7.30 -16.30. Opnað er á Lóni og Holti þetta skólaár og þangað koma þau börn sem mæta 7.30 og Víkarar fara síðan á sína deild kl: 7.45.

Fjórir kjarnar eru í skólanum þar sem unnið er áfram með að halda árgöngum saman. 32 börn á Vík í tveimur kjörnum (2015-2016) , 23 á Holti (2017) og 19 á Lóni (2018 -2019).

Hópastarf er alla daga vikunnar fyrir hádegi. Börnunum er skipt upp í hópa og hefur hver hópur sinn umsjónarkennara. Verkefni í hópastarfi taka mið af aldri og þroska barnanna. Í hópastarfi er unnið skipulega með námssviðin og margt í boði s.s. myndlist, tónlist, lestur, hreyfing, leikir, útivera og vettvangsferðir. Gerðar eru námsáætlanir árganga fyrir hvern mánuð með helstu verkefnum og áherslum og má nálgast þær á heimasíðu skólans.

Dagleg útivera er mikilvægur þáttur í heilsustefnunni og í Garðaseli fara öll börn að lágmarki út í eina góða útivist, stundum tvær.

Á skólaárinu 2020-2021 verða fimm skipulagsdagar og leikskólinn lokaður þessa daga. Þrjú dagar dagar koma á haustönn og tveir á vorönn.

Starfsmenn eru 27 skólaárið 2020 -2021 í samtals 24,5 stöðugildum.

5. Starfsmannamál

5.1 Starfsmannahópurinn 1. maí

STARFSHEITI	FJÖLDI	STARFSHLUTFALL	MENNTUN
Leikskólakennarar	12	11,1 stg	Leikskólakennaramenntun Master / leikskólafræði Sérkennslufræði Mannauðsstjórnun
Annað háskólapróf	4	3,2 stg	Íþróttافرæðingur BA.sálfræði Þroskaþjálfari Aðst.leikskólakennari
Leiðbeinendur	9	7,3	Leikskólaliði Stúdentspróf
Matráður	1	1 stg	
Aðstoðarfólk í eldhúsi	1	0,5 stg	Sjúkraliðamenntun

5.2 Starfsþróunarsamtöl

Tvö starfsmannasamtöl eru á skólaárinu og markmið þeirra er að skólastjórnendur og starfsmenn ræði frammistöðu og líðan starfsmanna.

Fókusinn er settur á líðan og starfsánægju, frammistöðu starfsmanns / verkefni hans og samvinnu við aðra, samstarf inn skólans og stjórnun.

Niðurstöður eru nýttar til að færa til betri vegar það sem bent er á og kemur fram, hvort sem það snertir leikskólann eða starfsmanninn. Ekki eru birtar niðurstöður eða persónulegar ábendingar starfsmanna opinberaðar þar sem um trúnaðarsamtal er að ræða.

5.3 Símenntun frá síðasta ári

Símenntun í Garðaseli skólaárið 2019 -2020 (skipulag skólans fyrir utan aðra símenntun starfsmanna)

- **Down Syndrome** – fræðsla frá Greiningarstöð um heilkennið, einkenni þess og tækifæri í vinnu með börnum
- **Læsi í leikskóla / læsisstefna leikskóla Akraneskaupstaðar** – Ingunn Sveinsdóttir, aðst. skólastjóri
- **Sjálfsunhyggja og styrkleikar** – Steinunn Eva Þórðardóttir með 2 klst vinnustofu fyrir alla starfsmenn
- **Fjölbreyttar kennsluáðferðir fyrir fjöruga krakka** – 2 klst – Hlín Magnúsdóttir, sérkennari, kynnti fjölbreytt verkefni og nálgun í vinnu með læsi og stærðfræði
- **Barnavernd** – Ingibjörg Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi, fór yfir helstu atriði er varðar barnavernd og ábyrgð starfsfólk leikskóla
- **Velliðan, gæska og virðing** – á starfsdegi 14. febrúar 2020 fyrir allt starfsfólk – Sigríður Gísladóttir, iðjuþjálfari HVE

- **Yap- snemmtæk íhlutun í hreyfiproska ungra barna** – Breki Berg Guðmundsson , íþróttافرæðingur og Ingunn Ríkharðsdóttir, skólastjóri, kynna fyrir starfsfólki hugmyndafræðina og markmið með þessu verkefni í skólanum sem hófst 2018
- **Ég er Unik – Aðalheiður Sigurðardóttir**- hvernig skólar geta unnið með börnum með einhverfu og foreldrum þeirra. Féll niður vegna COVID.

5.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum 2020 -2021

- **Umhverfismennt**– Anney Ágústsdóttir, skólastjóri í Akraseli, segir frá vinnu skólans í umhverfismennt.
- **Flokkun og eiturefni í umhverfi barna** – athuga samstarf við Terra á Vesturlandi
- **Meðvirkni á vinnustað** – Sigríður Indriðadóttir, mammauðsstjóri Íslandspósts
- **Læsi** - innleiða Læsisstefnu leikskóla í skólastarfið – Ingunn Sveinsdóttir aðst.skólastjóri
- **Hugarfar vaxtar og grósku í skólastarfi og vinnustað** – starfshópurinn lærir saman og les og fræðist um þessa hugmyndafræði og hvernig nýta má hana í skólaþróun
- **Áherslur í starfi Garðasels** – fara saman yfir áherslur og starfshætti tengda þeim – hvað verður tekið með í nýjan leikskóla – allt /sumt/ taka út og bæta / dýpka.

Kennarar og starfsfólk leikskólans er hvatt til að sækja sér fjölbreytta endurmenntun sem nýtist í starfi og nýta til þess endurmenntunarsjóði sína hjá stéttarfélögum.

6. Fylgiskjöl

- Matsgögn
Niðurstöður viðhorfskannana 2019-2020 / vísað í krækjur á heimasíðu skólans þar sem niðurstöður hafa verið birtar.

Niðurstöður foreldrakönnunar í október 2019 vegna aðlögunar

<https://gardasel.is/wp-content/uploads/2019/09/Niðurstaða-viðhorfskönnunar-meðal-foreldra-júní-2019.pdf>

Könnun vegna kynningar á skólastarfi og skiptingu skipulagsdaga

<https://gardasel.is/wp-content/uploads/2019/09/Könnun-vegna-kynningar-á-skólastarfi-og-skiptingu-skipulagsdaga-setp-2019.pdf>

Niðurstaða könnunar um sumarlokun 2020

<https://gardasel.is/wp-admin/post.php?post=29978&action=edit>

Skóladagatal 2020 -2021

Ágúst 2020

4. ágúst	Leikskólinn opnar eftir sumarlokun kl: 12.00
10. ágúst	Aðlögun nýrra barna hefst
19. ágúst	Skipulagsdagur 8.00-16.00 – skólinn lokaður

September 2020

1. september	29 ára afmæli Garðasels. Búningadagur og fjör
10. september	Heilsuskokkið
13 -15. september	Tannverndardagar – 12. sept er Alþjóðlegi tannverndardagurinn. Árgangur 2016 heimsækir tannlæknastofu
16. september	Grænn dagur – Dagur náttúrunnar
21. september	Skipulagsdagur 8.00-16.00 – skólinn lokaður
28. sept -2. okt	Haustskólinn í Grundaskóla - elsti árgangur

Október 2020

5. – 9. október	Haustskólinn í Brekkubæjarskóla – elsti árgangur
5. – 9. október	Umferðardagar – umferðarljós, gangbrautir og endurskin
13. október	Starfsmannafundur kl: 16.30-18.30
25. -29. október	Foreldraviðtöl á öllum deildum
27. október	Bangsadagurinn

Nóvember 2020

1.-5. nóvember	Foreldraviðtöl á öllum deildum
5. nóvember	Söngstund í Grundaskóla – Brúum bilið
16. nóvember	Skipulagsdagur 8.0-16.00 – skólinn lokaður
17. nóvember	Sameiginleg stund allra deilda á Skála í tilefni af Degi íslenskrar tungu 16. nóvember / börn og starfsfólk
30. nóvember	Aðventustund á Skála – umsjón Lón

Desember 2020

7. desember	Aðventustund á Skála – umsjón Holt
9. desember	Aðventukaffi á Holti 15.00-15.45
10. desember	Aðventukaffi á Lóni 15.00 -15.45
14. desember	Aðventustund á Skála – umsjón Vík
15. desember	Jólatónleikar Víkur í Tónbergi
18. desember	Rauður dagur og Litlu jólin
21. desember	Jólamaturinn
21. desember	Aðventustund á Skála – umsjón skólastjórar

Janúar 2021

4. janúar	Skipulagsdagur 8.00-16.00 – skólinn lokaður
11. -15. Janúar	Þorrinn og gamli tíminn
22. janúar	Bóndadagskaffi 8.00-9.30
26. janúar	Þorrablót í Garðaseli – börn og starfsfólk

Febrúar 2021

2.febrúar	Söngstund í Brekkubæjarskóla – Brúum bilið
5.febrúar	Dagskrá á Skála í tilefni af Degi leikskólans 6. febrúar
15.febrúar	Bolludagur
16.febrúar	Sprengidagur
17.febrúar	Öskudagur
18.febrúar	Skipulagsdagur 8.00-16.00 – skólinn lokaður
19.febrúar	Konudagskaffi 8.00-9.30
26. janúar	Þorablót í Garðaseli – börn og starfsfólk

Mars 2021

1.-5.mars	Vorskólinn í Brekkubæjarskóla- elsti árgangur
16.mars	Starfsmannafundur 16.30-18.30
21.mars	Dagur Down Syndrome
22. -26. mars	Vorskólinn í Grundaskóla – elsti árgangur

Apríl 2021

2.apríl	Dagur einhverfunnar
6. -19. apríl	Foreldraviðtöl á öllum deildum
20. apríl	Starfsmannafundur 16.30-18.30
22. apríl	Sumardagurinn fyrsti
26. -30. apríl	Árgangamót leikskólanna -skoða veðurspá þessa viku 😊

Mái 2021

4. -6. maí	Umferðadagar – hjól, hjálmar, gangbrautir. Hjóladagar deilda.
12. maí	Heilsuskokk
18.maí	Lambaferð að Bjarneyjarsandi
27. maí	Útskriftarferð í Skorrdal – einn dagur

Júní 2021

1.-4. júní	Íþróttadagar
10. júní	Útskrift elstu barna 15.00- 16.00
Ódagsett	Sundnámskeið elstu barna

Sumarlokun 4 vikur – ódagsett

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð Garðasels 2020-2021

Samkvæmt 11.gr laga um leikskóla skal foreldraráð vera starfandi við skólann og skulu að lágmarki þrjú foreldrar sitja í ráðinu.

Hlutverk ráðsins er að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi skólans.

Starfsáætlun Heilsuleiksskólans Garðasels fyrir skólaárið 2020 -2021 hefur verið yfirfarin af foreldraráði skólans þetta skólaár.

Foreldraráð er sammála um að starfsáætlun sé skýr, aðgengileg og auðlesin og endurspegli það starf og þær áherslur sem skólinn leggur upp með.

Fh. foreldraráðs

RAGNHEIÐUR 'ASTA' BENJÓLFSD.

Svala Þ. Smáradóttir

Sunna Dís Jónsdóttir

Annað

Ekki er hægt að skilja við síðasta skólaár án þess að ítreka þá frábæru samvinnu og jákvæðni sem einkenndi skólastarfið á tímum COVID. Margt fór á annan veg en ætlað var og ekki hægt að ganga að því sem vísu að skilningur og samvinna skóla og foreldra séu í öndvegi en þannig varð það. Þakklæti fær foreldrahópur og starfsmannahópur Garðasels.

Akranesi 11. september 2020

Ingunn Ríkharðsdóttir skólastjóri